

# Stjórnarháttayfirlýsing 2011

## Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

### Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið starfar á váttryggingamarkaði og samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi. Stjórn félagsins setti sér starfsreglur sem staðfestar voru þann 20. mars 2012 og eru aðgengilegar á vef félagsins. Stjórnin studdist við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands við ritun stjórnarháttayfirlýsingar þessarar.

### Innra eftirlit og áhættustýring

Haldið er utan um stjórnkerfi og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar reglulega. Gæðastjóri kynnir niðurstöður innri úttekta fyrir framkvæmdastjórum að lágmarki einu sinni á ári.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits og tryggir að reikningsskil séu í samræmi við góða reikningsskilavenju. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og gera félaginu kleift að uppgötva og leiðrétta skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til.

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og vinnur félagið að innleiðingu samhæfðrar áhættustýringar sem nær til allra rekstrarþátta þess í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga. Innleiðingin er í höndum Áhættustýringar og felst verkefnið m.a. í því að tilgreina, meta og mæla áhættu félagsins og hvaða leiðir eru farnar til að milda og stýra þeim. Markmiðið er að þekkja betur alla áhættuþætti starfseminnar með það að leiðarljósi að lágmarka þær áhættu sem geta haft veruleg áhrif á gjaldþol félagsins. Samkvæmt tilmælunum skal váttryggingafélag tryggja viðeigandi umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og skal hún ávallt vera þáttur í starfseminni. Áhættustýring félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins er metin með reglulegum hætti og þess gætt að hún sé í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Unnið er að aðlögun að tilskipun 2009/138/EB – Solvency II tilskipuninni.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG endurskoðunar.

### Hlutverk, gildi og framtíðarsýn félagsins

Hlutverk Sjóvár er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Með því vill félagið taka þátt í að skapa og treysta þau lífsgæði sem fólk sækist eftir.

Gildi Sjóvár eru traust, metnaður og jákvæðni. Þau eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Viðskiptavinir í öndvegi
- Sterk liðsheild og skýr innbyrðis ábyrgð
- Framúrskarandi þjónusta
- Eftirsóknarvert fyrirtæki
- Samfélagsleg ábyrgð

### **Stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur**

Stjórn Sjóvárs samþykkti á fundi sínum 20. mars 2012 stefnu um samfélagslega ábyrgð. Í henni segir: Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini og hluthafa.

Við sinnum hlutverki okkar með því að lágmarka áhættu viðskiptavina sem lenda í tjóni og með því að vinna faglega að því að takmarka áhættu og tjón með markvissum forvörnum. Kjarnastarfsemin snýst um að mæta áskorunum í samfélaginu með nýjum lausnum og framúrskarandi þjónustu, og stuðla um leið að langtímaávinningi og arðsemi af rekstri félagsins til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini og hluthafa. Við byggjum á áratuga reynslu og sterkum tengslum við heimili og atvinnulíf. Við höfum á að skipa sterkri liðsheild starfsfólks og eigum dýrmætt samstarf við viðskiptavini og samtök um forvarnir og samfélagsmál. Með stuðningi við forvarna- og velferðarmál stuðlum við að öruggara samfélagi og auknum lífsgæðum. Okkar markmið er vera fyrsti kostur viðskiptavina við val á tryggingafélagi, eftirsóknarverður vinnustaður og álitlegur fjárfestingarkostur.

Við náum þessum markmiðum og stuðlum jafnframt að sjálfbærri þróun, arðsemi og vexti til framtíðar með góðum og gagnsæjum viðskiptaháttum, með því að vera leiðandi í forvörnum og með því að starfa í sátt við umhverfið.

Stjórn samþykkti sömuleiðis á fundi sínum 20. mars 2012 siðareglur fyrir félagið.

### **Stjórn**

Stjórn Sjóvá er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Aðalmenn eru Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, varaformaður, Haukur C. Benediktsson, Heimir V. Haraldsson og Ingi Jóhann Guðmundsson. Varamenn í stjórn eru Garðar Gíslason, Birgir Birgisson, Eiríkur S. Jóhannesson, Axel Ísaksson og Jón Diðrik Jónsson. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

**Erna Gísladóttir**, stjórnarformaður, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi.

Erna var fyrst kjörin í stjórn Sjóvá við stofnun nýs félags þann 20. júní 2009. Hún tók við formennsku stjórnar í júlí 2011.

Erna er lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er stjórnarformaður BL. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags, og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr í stjórnnum Betri bíla ehf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Hregg ehf., SF1 slhf. og SF1GP ehf. Hún hefur sömuleiðis setið í stjórn Háskólans í Reykjavík ehf. og BÍlgreinasambands Íslands.

**Tómas Kristjánsson**, varaformaður, fæddur 15. nóvember 1965, til heimilis í Reykjavík.

Tómas hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011 en hann var áður varamaður í stjórn.

Tómas er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1990 og með MBA gráðu frá háskólanum í Edinborg 1997.

Tómas starfaði frá 1990-1998 sem yfirmaður lánaeftirlits Iðnlánasjóðs. Hann var framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjárstýringar, fjármögnunar og reikningshalds FBA (síðar Íslandsbanka og Glitnis) og sat í framkvæmdastjórn bankans frá 1998 til maí 2007. Hann hefur frá júní 2007 starfað sem einn eigenda hjá fjárfestingafélaginu Siglu ehf. og fasteignafélaginu Klasa ehf. og situr í stjórn Eimskipafélags Íslands hf. og Senu ehf.

**Haukur C. Benediktsson**, fæddur 22. febrúar 1972, til heimilis í Kópavogi.

Haukur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 23. nóvember 2010.

Haukur er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í fjármálum og hagfræði frá London School of Economics.

Haukur hefur starfað sem framkvæmdastjóri Sölvhóls ehf., eignastýringarfyrirtækis Seðlabanka Íslands (SÍ), frá 2010 og sem lektor í fjármálum við Háskóla Íslands frá 1999. Hann starfaði sem ráðgjafi á Alþjóða- og markaðssviði SÍ frá 2009-2010, við erlend lánamál ríkissjóðs og stýringu gjaldeyrisforða á Alþjóðasviði SÍ 2004-2006 og á Fjármálastöðugleikasviði SÍ í fjármálastöðugleikagreiningu 2001-2004. Hann var stjórnarmaður í FIH Erhvervsbank A/S 2010-2011 og starfaði sem sjóðstjóri með umsjón gjaldeyrisstýringar fyrir fagfjárfesta hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. 2006-2008.

**Heimir V. Haraldsson**, fæddur 22. apríl 1955, til heimilis í Reykjavík.

Heimir hefur setið í stjórn Sjóvár frá stofnun nýs félags 20. júní 2009.

Heimir lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979, og fékk löggildingu sem endurskoðandi 1982.

Heimir starfaði 1976-2000 hjá Endurskoðun hf., síðar KPMG Endurskoðun hf. í Reykjavík. Hann var meðeigandi og síðar framkvæmdastjóri félagsins í 10 ár, samhliða störfum við endurskoðun og ráðgjöf. Hann var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagins Gildingar hf. 2000-2002 og hefur frá þeim tíma rekið eigin fjárfestingar- og ráðgjafarfyrirtæki og sinnt m.a. ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum. Heimir sat í skilanevnd Glitnis banka hf. frá árinu 2008 til ársloka 2011.

**Ingi Jóhann Guðmundsson**, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ.

Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011.

Ingi Jóhann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann situr í stjórn Síldarvinnslunnar og Iceland Seafood.

Varamenn í stjórn eru:

**Garðar Gíslason**, fæddur 19. janúar 1966, til heimils í Garðabæ.

Garðar starfar sem lögmaður á lögmannsstofunni Lex.

**Birgir Birgisson**, fæddur 5. september 1972, til heimilis í Reykjavík.

Birgir starfar sem lögmaður hjá Sölvhóli ehf., eignastýringarfyrirtækis Seðlabanka Íslands.

**Eiríkur S. Jóhannesson**, fæddur 8. febrúar 1968, til heimilis í Reykjavík.

Eiríkur er forstjóri Steinvirkis hf.

**Axel Ísaksson**, fæddur 22. september 1964, til heimilis í Neskaupstað.

Axel er fjármálastjóri Síldarvinnslunnar hf.

**Jón Diðrik Jónsson**, fæddur 11. apríl 1963, til heimilis í Garðabæ.

Jón Diðrik er framkvæmdastjóri Draupnis fjárfestingafélags ehf.

Stjórn Sjóvár fundaði 17 sinnum á árinu 2011. Mætingu stjórnarmanna var þannig háttað að tveir stjórnarmenn forfölluðust einu sinni á árinu hvor og í öðru tilfellinu var kallaður til varamaður á fundinn. Mættir voru fimm stjórnarmenn á alla fundina nema einn þar sem stjórnarmenn voru fjórir. Stjórnin setti sér starfsreglur 20. mars 2012 sem meðal annars taka á hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu, hlutverki stjórnar og skyldum stjórnarmanna. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hefur eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og skal stuðla að því að markmið félagsins náist.

Starfsreglur stjórnar Sjóvár má finna á vef félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvá, skipa Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, varaformaður, Haukur C. Benediktsson, Heimir V. Haraldsson og Ingi Jóhann Guðmundsson. Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. fundaði sex sinnum á árinu.

### **Forstjóri**

Forstjóri Sjóvár er Hermann Björnsson, fæddur 15. febrúar 1963 til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar sbr. 2 mgr. 68 gr. hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka, fyrst í lögfræðideild og síðan sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Fjölgreiðslumiðlunar, Kreditkorta, Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs. Hermann kom til starfa hjá Sjóvá í október 2011.

### **Framkvæmdastjórn**

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum þess og ber hver framkvæmdastjóri ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra.

**Ólafur Njáll Sigurðsson** er framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðgengill forstjóra.

Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og kostnaðarbókhaldi, uppgjörum og áætlun. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og Sjóvá Forvarnahúss ehf.

Ólafur Njáll er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hóf störf hjá Sjóvá við stofnun nýs félags árið 2009. Hann var forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins frá 1990 til 2004 þegar hann tók við fjármálastjórn hjá LazyTown Entertainment. Hann starfaði áður sem aðalbókari hjá Eimskip og fjármálastjóri Bylgjunnar.

**Auður Daníelsdóttir** er framkvæmdastjóri tjónasviðs.

Sviðið sér um uppgjör tjóna, bótaákvæðanir og tjónaskoðun. Undir tjónasvið falla einnig forvarnir Sjóvár. Auður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, lauk diplomanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona. Hún hefur verið framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007 en var áður starfsmannastjóri félagsins frá 2002. Auður starfaði áður sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa og flugfreyja hjá Flugleiðum.

**Elín Þórunn Eiríksdóttir** er framkvæmdastjóri sölu- og ráðgjafarsviðs.

Sviðið annast ráðgjöf og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og

stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, sem og viðhald viðskiptavinastofns félagsins.

Elín er viðskiptafræðingur að mennt. Hún starfaði um 5 ára skeið hjá Símanum, lengst af sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Áður starfaði hún um 9 ára skeið hjá Eimskip, lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Hún hefur gegnt stjórnarformennsku í Radíómiðun og Staka og situr sem meðstjórnandi í stjórn Símans. Elín kom til starfa hjá Sjóvá árið 2012.

**Sæmundur Sæmundsson** er framkvæmdastjóri þjónustu- og rekstrarsviðs.

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við viðskiptavini, rekstri og innri þjónustu, s.s. mannauðsmálum, gæða- og öryggismálum og upplýsingatækni.

Sæmundur er tölvunarfræðingur að mennt frá University of Texas í Bandaríkjunum og hefur auk þess aflað sér víðtækrar viðbótarmenntunar, m.a. á sviði stjórnunar, verkefnastjórnunar, hugbúnaðarþróunar og fundarstjórnar. Sæmundur var forstjóri Teris um þrettán ára skeið. Hann hefur setið í fjölmörgum sérfræðinefndum á vegum fjármálaframtækja og var meðal annars stjórnarformaður Auðkennis. Sæmundur kom til starfa hjá Sjóvá árið 2011.

**Valdemar Johnsen** er framkvæmdastjóri váttryggingasviðs.

Á verksviði váttryggingasviðs eru endurtryggingar, iðgjaldaskrár, endurnýjanir, stofnstýring, vöruþróun, váttryggingarskjöl og áhættutaka í nánu samstarfi við áhættustýringu.

Valdemar er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann gegndi um níu ára skeið starfi framkvæmdastjóra váttryggingasviðs og viðskiptaþróunar hjá Íslandstryggingu hf., síðar Verði tryggingum hf. Valdemar hóf störf sem aðallögfræðingur Sjóvár árið 2011.

### **Endurskoðunarnefndir**

Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur fulltrúum kosnum af stjórn. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess.

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd Sjóvár skipa Þórhildur Ólöf Helgadóttir, formaður, Heimir V. Haraldsson og Tómas Kristjánsson.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti 7 fundi árið 2011 og voru allir fundir fullskipaðir nefndarmönnum. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð ársreiknings, yfirferð skýrslu frá ytri og innri endurskoðendum og viðbrögð stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var skoðun á eftirlitsumhverfi, iðgjaldafærlí, tjónaferli og upplýsingaöryggi. Endurskoðunarnefnd Sjóvá-Almennra líftrygginga er eins skipuð og endurskoðunarnefnd Sjóvár. Hún fundaði þrisvar á árinu og voru allir fundir fullskipaðir stjórnarmönnum.

### **Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar**

Í lok ársins 2011 voru hluthafar Sjóvár fjórir talsins. SF1 slhf. með 52,40% hlut, Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. með 20,63% hlut, SAT Eignarhaldsfélag hf. með 17,67% hlut og Íslandsbanki hf. með 9,30% hlut. Hluthafar í byrjun árs voru þrír. Félagið er ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað en hægt er að leita til stjórnarformanns eða starfsmanna félagsins um viðeigandi upplýsingar. Allir hluthafar eru hvattir til að mæta á aðalfund þar sem gefnar eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins.

### **Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað**

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

### **Niðurlag**

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 20. mars 2012.